

„Þann arf vér bestan fengum“

ÍSLENSKAR
BIBLÍUÚTGÁFUR



SÝNING Í ÞJÓÐARBÓKHLÖÐU OPNUÐ 26. SEPTEMBER 2015

„Þann arf vér bestan fengum“ — Íslenskar biblíuútgáfur

Gefið út í tengslum við sýningu í Þjóðarbókhlöðu í tilefni 200 ára afmælis Hins íslenska biblíufélags

Ritstjóri: Séra Sigurður Ægisson
Hönnun sýningar: Ólafur J. Engilbertsson, Brynjólfur Ólason
Hönnun og umbrot sýningarskráar: Brynjólfur Ólason
Ljósmyndir: Gígja Einarsdóttir
Dr. Sigurður Pálsson samdi sögukafla á bls. 4-9

Prentun sýningarskráar: Ísafoldarprentsmiðja
Prentun sýningarspjalda: Sýningakerfi ehf

© Hið íslenska biblíufélag

Allur réttur áskilinn. Sýningarskrána má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN: 978-9935-9281-0-8

Efni

FYLGT ÚR HLAÐI

Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands og forseti Hins íslenska biblíufélags 3

HIÐ ÍSLENSKA BIBLÍUFÉLAG Í 200 ÁR

Sögustiklur 4

ÍSLENSKAR BIBLÍUÚTGÁFUR

Guðbrandsbiblía 11
Þorláksbiblía 13
Steinsbiblía 15
Vajsenhússbiblía 17
Hendersonsbiblía 19
Viðeyjarbiblía 21
Reykjavíkurbiblía 23
Lundúnabiblía 25
Aldamótabiblían 27
Biblían 1981 29
Biblía 21. aldar 31



Fylgt úr hlaði

Kæru sýningargestir,

Sýning þessi á öllum útgáfum Biblíunnar á íslensku allt frá hinni fyrstu árið 1584 er verðugt framtak á 200. afmælisári *Hins íslenska biblíufélags*. Hún er afar fræðandi og vekur til hugsunar um áhrif Biblíunnar á líf, tungu og menningu þjóðarinnar. Með því að bera saman textana frá einni útgáfu til annarrar kynnumst við vel þróun tungumáls okkar í meira en fjórar aldir og gerum okkur betur grein fyrir málfari í daglegu lífi kynslóðanna.

Um leið er ekki síður vert að hafa í huga hve víðtæk áhrif innihald Biblíunnar hefur haft á hugsunarhátt landsmanna og íslenska menningu. Hinn kristni arfur þjóðarinnar hefur lagt grunn að fegurra mannlífi, hvatt til réttlátrar lagasetningar og miskunnsemi í umgengni fólks hvers við annað. Listamenn hafa hrifist af textum hinnar helgu bókar og samið ódauðleg verk sem eyrun og augun nema — og hugann heilla. Listform kvikmyndarinnar hefur ausið af brunni textanna og eru ófáar kvikmyndir samtímans með trúarlegum táknum og tilvitnunum, sem rekja má til Biblíunnar.

Sem trúarrit hafa textar Biblíunnar reynst óþrjótandi uppspretta, veitt huggun í sorg og uppörvun í önnum daganna. Margir textanna hafa fyrir sannindi sín og fyrirheit, visku og meitlað málfar áunnið sér sess í huga og sál ungra sem aldinna. Tilvitnanir í texta hinnar helgu bókar eiga við á öllum stundum lífsins og margir eru víðþekktir. Á það til dæmis við um 23. Davíðs-sálm sem hefst á orðunum: „Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta“ og kærleiksóð Páls í 1. Korintubréfi 13. kafla: „Þótt ég talaði tungum manna og engla, en hefði ekki kærleika, yrði ég hljómandi málmur eða hvellandi bjalla, o.s.frv.“.

Það er því af ærinni ástæðu sem hátíðarhöldum í tilefni merkisafmælis *Hins íslenska biblíufélags* voru valin að yfirskrift orð sálmaskáldsins: „Þann arf vér bestan fengum“.

Einlæg er sú von mín að þessi sýning megi verða öllum sem hana sækja hvatning til lesturs Biblíunnar og þannig efla kristni í landinu. Megi blessun fylgja sýningunni og þeim er hana skoða. Þökk öllum er lögðu gjörva hönd að undirbúningi hennar.

Agnes M. Sigurðardóttir

Biskup Íslands og forseti Hins íslenska biblíufélags

Hið íslenska biblíufélag í 200 ár

— Sögustíklur —



Merki félagsins.

Elstu biblíutextar á íslensku, sem þekktir eru, eru varðveittir í handriti íslensku hómiljubókarinnar frá 12. öld. Oddur Gottskálksson þýddi sem kunnugt er Nýja testamentið í fjósinu í Skálholti og var það prentað í Hróarskeldu árið 1540. Guðbrandur Þorláksson biskup á Hólum gaf út Biblíu þá sem við hann er kennd árið 1584 og var hún prentuð á Hólum. Þetta er upphaf sögunnar um Biblíuna á íslensku, en íslensk tunga mun vera í hópi fyrstu 20 tungumála heims sem Biblían var þýdd á. Biblían hefur því verið veigamikill þáttur í íslenskri menningu um aldir.

Hér á eftir verður saga íslenskra biblíuþýðinga ekki rakin nema að litlu leyti, en stiklað á stóru í sögu Hins íslenska biblíufélags.

EBENEZER HENDERSON

Maður er nefndur Ebenezer Henderson, skoskur að uppruna. Árið 1805 vígðist hann, 21 árs gamall, til kristniboðs á Indlandi. Sama ár fór hann til Kaupmannahafnar ásamt samstarfsmanni sínum og vini John Paterson, í von um að fá far þaðan til Trankebar, nýlendu Dana á austurströnd Indlands. Sú von brást.

Þeir félagar hófu þess í stað heimatrúboðsstarf í Danmörku og Svíþjóð. Í upphafi árs 1806 fengu þeir bréf frá söfnuðum sínum í Skotlandi þess efnis að ráðlegast væri að hætta við trúboð á Indlandi, en þeir skyldu þess í stað halda áfram starfi sínu í Danmörku og Svíþjóð. Síðar þetta ár kynntust þeir Íslendingnum Grími Torkelín ríkisskjalaverði í Kaupmannahöfn. Grímur skrifaði, að ósk þeirra félaga, bréf á ensku með frásögn af Íslandi og Íslendingum, sem þeir sendu vinum sínum á Skotlandi og vakti það mikla athygli. Árið eftir var þessi Íslandskynning Gríms birt í ársriti Breska og erlenda Biblíufélagsins (BEBF) og var bréfið tekið fyrir á stjórnarfundum félagsins og samþykkt að félagið skyldi stuðla að nýrri útgáfu Nýja testamentisins á íslensku. Grími

Torkelín var falið að hafa umsjón með prentuninni og var henni lokið árið 1807. Um þær mundir skall á styrjöld milli Bretlands og Danmerkur, sem olli því að aðeins var hægt að senda 1.500 eintök til Íslands. Eftirstöðvar upplagsins lágu óbundnar í Kaupmannahöfn í fimm ár.


Á stjórnarfundum BEBF 6. október 1806 var einróma samþykkt að leggja fram fé til undirbúnings prentun íslensku Biblíunnar í Kaupmannahöfn. Tafir urðu á því að prentuninni lyki vegna stríðsins, en að síðustu tókst að ljúka henni í árslok 1813 og var upplag Biblíunnar 5.000 eintök. Hér var um að ræða svo nefnda Þorlaksbiblíu, sem Þorlákur biskup Skúlason, dóttursonur Guðbrands Þorlákssonar hafði gefið út um miðja 17. öld og var að mestu endurútgáfa Guðbrandsbiblíu. Henderson og samstarfsmaður hans Paterson höfðu skrifað BEBF og lagt til að maður yrði sendur með bókunum til Íslands til þess að sjá um sölu þeirra og dreifingu. Þessu var vel tekið og bauðst Henderson til fararinnar. Hafði hann um þær mundir lagt stund á málanám, m.a. stundað nám í íslensku.

Henderson lagði síðan af stað til Íslands 5. júlí 1814. Kaupmenn höfðu tekið að sér að flytja bækurnar endurgjaldslaust til sjö íslenskra hafna, en þar áttu þær að bíða Hendersons. Alls var um að ræða 2.123 eintök af Biblíunni og 4.108 eintök af Nýja testamentinu. Auk þess hafði hann sjálfur meðferðis 1.183 eintök af Biblíunni og 1.668 eintök af Nýja testamentinu.

Henderson dvaldist hér á landi í hálf tann ári og fór ríðandi þrjár ferðir um landið. Fyrsta ferðin lá norður Kjöl til Akureyrar, þaðan í Skagafjörð og síðan austur um land og Suðurland til Reykjavíkur. Önnur ferðin lá um Borgarfjörð og Mýrarsýslu, Hnappadals- og Snæfellsnessýslu og allt vestur að Holti við Önundarfjörð og síðan yfir í Strandasýslu og suður Norðurárdal til Reykjavíkur. Þriðja ferðin var farin um Þingvelli, Kaldadal og Arnarvatnsheiði norður í Húnavatnssýslu og þaðan til Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Hann gerði sér far um að hitta að máli sem flesta af próföstum landsins, auk þess sem hann átti fundi með prestum og gaf sig á tal við alþýðu manna. Sjálfur segir Henderson svo um tilgang ferðar sinnar til Íslands: „Eitt megintakmark mitt með að fara til Íslands og með ferðum mínum út um landið var það, að



Ebenezer Henderson.



koma þarlendum mönnum í skilning á því, hve mikilsvert það væri að mynda Biblíufélag í landinu. Skyldi það vera hlutverk félagsins að sjá þjóðinni sífelldlega fyrir heilagri ritningu á tungu landsins. Mér var það ánægja hve tillagan fékk góðar undirtektir.“

HIÐ ÍSLENSKA BIBLÍUFÉLAG STOFNAD

Sunnudaginn 10. júlí 1815 var prestastefna sett með guðsþjónustu í Dómkirkjunni í Reykjavík. Biskup, Geir Vídalín, var forfallaður vegna veikinda en séra Árni Helgason dómkirkjuprestur prédikaði og gerði að umræðuefni stofnun Biblíufélaga og gagnsemi þeirra. Henderson var boðið að vera viðstaddur fund prestastefnunnar síðdegis og var þar samþykkt einróma að stofna íslenskt Biblíufélag, og var því kjörin bráðabirgðastjórn. Ári síðar var haldinn

„Starfsemin hefur verið borin uppi af framlögum félagsmanna og velunnara og samskotum í guðsþjónustum á Biblíudaginn, sem er annan sunnudag í níuviknaføstu.“

fyrsti aðalfundur félagsins og þessir kjörnir í stjórn: Geir biskup Vídalín forseti, séra Árni Helgason ritari, Ísleifur Einarsson dómstjóri varaforseti og Sigurður Thorgrímson landfógeti gjaldkeri. BEBF lagði fé í stofnsjóð og konungur hét árlegum styrk. Hlutverk félagsins var frá upphafi að vinna að þýðingu, útgáfu, útbreiðslu og notkun Biblíunnar.

Framan af var félagið eingöngu ætlað prestum, en árið 1945 var samþykkt að leikmönnum yrði gefinn kostur á að ganga í félagið. Síðar var þeirri skipan komið á að í stjórn félagsins skyldu sitja fjórir guðfræðingar og fjórir leikmenn, en biskup Íslands vera forseti félagsins. Þá er einnig vert að geta þess að félagið er þverkirkjulegt, þ.e. að meðlimir allra kristinna trúfélaga geta gerst félagar. Starfsemin hefur verið borin uppi af framlögum félagsmanna og velunnara og samskotum í guðsþjónustum á Biblíudaginn, sem er annan sunnudag í níuviknaføstu.

Lengst af hafði Hið íslenska biblíufélag (HÍB) ekkert fast aðsetur. Biskup var forseti félagsins þannig að menn sneru sér til biskupsstofu ef þeir áttu erindi við félagið. Eigur þess, sem m.a. voru fólgnar í safni íslenskra biblíuþýðinga allt frá Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar og Guðbrandsbiblíu, voru geymdar á Dómkirkjuloftinu. Þegar leið að 150 ára afmæli félagsins vaknaði áhugi stjórnar félagsins, með Sigurbjörn Einarsson biskup og Hermann Þorsteinsson formann sóknarnefndar Hallgrímskirkju í fararbroddi, að koma upp aðstöðu fyrir félagið. Þetta varð til þess að Guðbrandsstofa var opnuð í Hallgrímskirkju 29. apríl 1967. Ólafur Ólafsson kristniboði varð starfsmaður félagsins sem sjálfboðaliði og reyndist ötull talsmaður félagsins og aflaði því fjölda nýrra félaga. Í Guðbrandsstofu var hægt að fá keyptar Biblíur á ýmsum tungumálum auk íslensku en jafnframt var Biblían afgreidd þar til bóksala. Af þessu tilefni fékk félagið að gjöf málverk af Guðbrandi Þorlákssyni biskupi og var því komið fyrir í Guðbrandsstofu.

Um sama leyti tók Hermann Þorsteinsson við starfi framkvæmdastjóra félagsins og gegndi því sem sjálfboðaliði allt til ársins 1990 að séra Sigurður Pálsson var ráðinn í fullt starf sem framkvæmdastjóri. Þá var að komast skriður á þýðingu Biblíunnar sem út kom 2007 og talið mikilvægt að hafa starfsmann sem starfaði með og fyrir þá sem unnu að þýðingunni. Framkvæmdastjórinn fékk skrifstofu á 7. hæð í turni Hallgrímskirkju og gaf Hermann allar innréttingar. Jón Pálsson guðfræðingur tók síðan við starfi Sigurðar árið 1997 og gegndi því til ársins 2010. Þá tók Stefán Einar Stefáns-son guðfræðingur við næstu þrjú ár, að starfið var lagt niður. Í tilefni af 200 ára afmæli félagsins var ráðinn nýr framkvæmdastjóri, Ragnhildur Ásgeirsdóttir djákni. Bækistöðvar félagsins voru fluttar úr Hallgrímskirkju í Kirkjuhúsið við Laugaveg.

BIBLÍUÚTGÁFUR Á VEGUM FÉLAGSINS

Með stofnun HÍB færðist biblíuútgáfa að fullu inn í landið. Forvígismenn félagsins undir forystu Geirs Vídalíns biskups hófust handa við að vinna að nýrri þýðingu Biblíunnar. Nýja testamentið kom út í nýrri þýðingu árið 1827.



Málverk Jóns Þorleifssonar (1891–1961) af Aðalstræti 10, einu elsta húsi Reykjavíkur. Þar var Hið íslenska biblíufélag stofnað 10. júlí 1815 en Geir biskup Vídalín bjó þá í húsinu.



1885

1885
Landsbankinn

1897 Fyrsta dagblaðið, Dagskrá

1895

1906 Ný þýðing Nýja testamentisins gefin út í Reykjavík á kostnað BEBF

1905

1908 Biblían öll gefin út með styrk frá ríkissjóði og BEBF

1904 Heimastjórn

1912 Biblían með breytingum frá útgáfunni 1908 gefin út

1913 100 ár frá útgáfu Henderson-Biblíunnar, fyrstu íslensku Biblíu BEBF

1914 Fyrsta vasaútgáfa íslensku Biblíunnar gefin út í London. Nýja testamentið gefið út

1915

1915
Kvenréttindi Íslenskur fáni

1925

1930
Alþingishátiðin

1931
Apókrýfar bækur Gamla testamentisins gefnar út



1935

1945 Samþykkt að heimila leikmönnum að ganga í Hið íslenska biblíufélag

1940
Hernámið

1944
Lýðveldið

1945

1948
Gídeonfélagar fá leyfi til að flytja inn Biblíuna og Nýja testamentið

1947 Hið íslenska biblíufélag fær aðild að Sameinuðu biblíufélögunum (UBS)

1950
Þjóðleikhúsið

Að þýðingu þess höfðu unnið auk Geirs biskups, Sveinbjörn Egilsson og nokkrir fleiri. Biblían kom síðan út í heild sinni árið 1841 og var hún prentuð í Viðey, og gjarnan nefnd Viðeyjarbiblía. Var hún sjötta útgáfa Biblíunnar á íslensku. Ein meginástæða þess að Biblíufélagið réðist í þessa þýðingu var vaxandi áhugi meðal menntamanna á málrækt og málhreinsun. Þessi þýðing var síðan endurprentuð í Reykjavík árið 1859 og telst hún sjöunda útgáfa Biblíunnar á íslensku. Næsta útgáfa Biblíunnar með endurskoðaðri þýðingu kom út 1866 kostuð af BEBF.

Árið 1887 sótti HÍB enn um styrk frá breska félaginu til nýrrar þýðingar. Það verk hófst þó ekki fyrr en árið 1897 og kom sú þýðing út 1908. Upplag Biblíunnar 1908 var innkallað, einkum vegna deilna um þýðingu tiltekinna ritningarstaða. Endurskoðuð útgáfa var gefin út árið 1912. Þessi þýðing Biblí-

„Upphaflega var stefnt að því að ný þýðing kæmi út á kristnitökuafmælinu árið 2000 en fljótlega varð ljóst að þýðingin tæki mun lengri tíma.“

unnar var endurprentuð allt til ársins 1981, ýmist á kostnað HÍB eða á kostnað BEBF.

Þegar kom fram á sjötta áratug 20. aldar var ákveðið að hefjast handa við nýja þýðingu Biblíunnar. Það þótti aðkallandi að ný Biblía kæmi út sem fyrst og var því að sinni látið nægja að þýða guðspjöllin og Postulasöguna og endurskoða þýðinguna á bréfunum í Nýja testamentinu og Gamla testa-


mentið. Tíunda útgáfa Biblíunnar á íslensku kom síðan út árið 1981. Árið 1990 var undirritaður samstarfssamningur milli HÍB og Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands um að ljúka nýrri þýðingu Biblíunnar. Aðalþýðandi Gamla testamentisins var ráðinn Sigurður Örn Steingrímsson guðfræðingur og aðalþýðandi Nýja testamentisins Jón Sveinbjörnsson. Upphaflega var stefnt að því að ný þýðing kæmi út á kristnitökuafmælinu árið 2000 en fljótlega varð ljóst að þýðingin tæki mun lengri tíma. Í þýðingar-


nefnd Gamla testamentisins voru skipuð þau séra Árni Bergur Sigurbjörns-son, séra Gunnar Kristjánsson, Gunnlaugur A. Jónsson, síðar prófessor, og Guðrún Kvaran prófessor sem var fulltrúi íslenskrar málnefndar. Séra Sigurður Pálsson, framkvæmdastjóri HÍB, var fundaritari. Hann var síðan skipaður í nefndina eftir fráfall Þóris Kr. Þórðarsonar 26. febrúar 1995. Hlutverk nefndarinnar var að fara yfir þýðingu Sigurðar Arnar í samvinnu við hann.

Vinna við að ljúka þýðingu Nýja testamentisins dróst fram til ársins 2002. Í þýðingarnefnd Nt. voru skipuð, auk Jóns, þau séra Árni Bergur Sigurbjörns-son og Guðrún Kvaran. Meðan á þýðingarferlinu stóð var hin nýja þýðing gefin út í kynningarheftum eftir því sem verkinu miðaði. Hér verður þessi þýðingarsaga ekki rakin frekar, en ný biblíuþýðing leit dagsins ljós á árinu 2007. Í þessari útgáfu voru Apókrýfu bækur Gamla testamentisins birtar í Biblíunni á ný og þar byggt á þýðingu sr. Árna Bergs Sigurbjörnssonar frá 1994, en þau Guðrún Kvaran og Jón Sveinbjörnsson yfirföru þýðinguna með honum. Þá hafði verið samið við forlagið JPV um útgáfu og dreifingu.

HÍB fékk aðild að samtökunum United Bible Societies (UBS) árið 1947 og hefur tekið virkan þátt í starfi þeirra og styrkt einstök verkefni víða um heim. Auk þess hefur HÍB styrkt á eigin vegum biblíustarf og biblíuþýðingar, t.d. í Kína, og var það gert til heiðurs Ólafi Ólafssyni. Þá hefur HÍB styrkt biblíuþýðingar og biblíudreifingu í Eþíópíu þar sem íslenskir kristniboðar hafa starfað. Ein af söfnunum HÍB var fyrir Biblíuhúsi í Konsó og lögðu hjónin Edda Hjaltested og Pétur Sveinbjarnarson fram það sem á vantaði til að ljúka byggingunni. Húsið var reist inni á kristniboðsstöðinni í Konsó og hefur síðan verið notað til þýðingarvinnu á Gamla testamentinu. Sú vinna er nú langt komin.

Auk Biblíuútgáfu hefur HÍB gefið út þýðingu séra Árna Bergs Sigurbjörns-sonar á *Apókrýfu bókunum* 1994, bókina *Ebenezer Henderson og Hið íslenska biblíufélag* eftir séra Felix Ólafsson 1992, Biblíuna á disklingum ásamt leitarforriti 1996 og myndband ásamt kennsluleiðbeiningum um tilurð Biblíunnar og trúverðugleika í samvinnu við Námsgagnastofnun 1993, fréttabréf og ársritið *B+* svo nokkuð sé nefnt.





Guðbrandsbiblía

1584

Biblia | Það Er, Øll | Heilög Ritning, vtlögd | a Norrænu.
| Med Formalum Doct. | Martini. Lutheri. | Prentad a
Holum, Af | Jone Jons Syne | M D LXXXIIII.

Guðbrandsbiblíu er skipt í þrjá parta — þ.e.a.s. Gamla testamentið, Spámannabækurnar og Nýja testamentið — og er hver þeirra sér um arka- og blaðatal.

Prentun lauk 21. apríl 1584. Útgáfudagur er 6. júní 1584, en bókin mun þó ekki hafa farið að koma úr bandi fyrr en árið 1585.

Kennd við Guðbrand Þorláksson (1541/1542–1627) sem þá var biskup á Hólum í Hjaltadal.

Guðbrandur notaði, að svo miklu leyti sem hægt var og til náðist, eldri þýðingar í hina miklu smíð, og jafnframt sínar eigin. Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar (1514/1515–1556), sem út hafði komið árið 1540, tók hann upp eftir að hafa yfirfarið það, leiðrétt villur o.s.frv. Sumt var það til bóta en annað ekki. Aðrir sem vitað er um að áttu hlut að máli voru Gissur Einarsson (um 1512–1548) og e.t.v. Gísli Jónsson (um 1515–1587) og Ólafur Hjaltason (um 1491–1569).

Guðbrandsbiblía er talin vera eitthvert mesta bókmenntaafrek þjóðarinnar og einhver mesti skerfur til íslenskrar menningarsögu, fyrr og síðar.

Að því er sagnir herma eiga sjö menn að hafa unnið við prentun hennar í eitt og hálf eða tvö ár.


Hún var prentuð í 500 eintökum. Brotið var stórt, svokallað fólíó, og blaðsíður 1.254.

Til nýjunga heyrði í íslenskri bókagerð að Biblían var skreytt myndum, hátt í 30 talsins.

Hvert eintak kostaði 8–12 ríkisdali sem var feiknaverð á þeim tíma og svaraði til tveggja eða þriggja kýrverða.

Guðbrandsbiblía er ein af örfáum fyrri alda útgáfum sem endurprentaðar hafa verið í óbreyttri mynd og það í tvígang. Fyrst var hún ljósprentuð og útgefin af Lithoprenti á árunum 1956–1957, í 500 eintökum, og síðan ljósprentuð og gefin út öðru sinni af bókaforlaginu Lögbergi, árið 1984, í 400 eintökum.





Þorláksbiblía

1644

Biblia | Það er, | Öll Heilog | Ritning, vtlogd | a
Norrænu. | Med Formalum D. | Marth. Luth. | Prentud
ad nyu a Hoolum. | M DC XLiiij.

Þorláksbiblíu er skipt í þrjá parta, líkt og verið hafði í
Guðbrandsbiblíu, og er hver þeirra sér um arka- og blaða-
tal, eins og þar.

Í bókasafni Cornell-háskóla, sem er einkarekinn
rannsóknarháskóli í bænum Ithaca í New York ríki í
Bandaríkjunum, er til afbrigði aðaltitilblaðs Þorláks-
biblíu, sennilega gert þegar prentun hófst: Biblia | Það
er, | Aull Heilog | Ritning, wtlogd | a Norrænu | Med
Formalum D. | Marth. Luth. | Prentud ad nyu a Hoolum
| M. DC. XXXVII. En það að Biblían hafi komið út
í tveimur hollum, fyrst 1637 og síðan 1644, sem ratað
hefur í nýlegar bækur, stenst ekki.

Prentuð á sjö árum, ekki þó samfelld.
Kennd við Þorlák Skúlason (1597–1656) Hólabiskup.
Þorlákur segir í eftirmála, að Biblían sé „vtgeingin
i annat sinn a Prent, epter þeirre fyrre Editione“ (þ.e.
Guðbrandsbiblíu, 1584). En hann bætir því við, að „sum-
stadar“ hafi „vered Ordum vmskipt, edur og Greinum,
epter þeirre Dønsku Bibliu“ og auk þess „Versione
Lutheri, epter þui sem eg hefe meint fyrer Gude hentug-
ast og riettast vera, so sem gjør sia má, ef Textarnir eru
saman borner“. Breytingar á einstökum ritningargreinum
Guðbrandsbiblíu eru í flestum tilvikum smávægilegar,
varða einstök orð, t.d. hver > hvör, gæfa > lukka o.s.frv.,
en lúta þó einnig að setningafræði eða fallstjórn. Meðal
þeirra sem komu að tilurð Þorláksbiblíu var Sveinn
Jónsson (1603–1687), fæddur á Lambanesi í Fljótum, oft
nefndur „hinn lærði“.

Þorláksbiblía er mesta stórvirki í íslenskri bókaút-
gáfu á 17. öld. Hún er með líku sniði og Guðbrandsbiblía
en þykir í flestu síðri prentgripur. Blaðsíður eru, eins og
þar, 1.254, en myndir einungis fjórar, ef titilsíða er ekki
meðtalin, og allar í Gamla testamentinu (Sköpunin,
Umskurnin, Fórni Abrahams, og Móses að taka við lög-
málstöflunum), og mál, frágangur og útlit sagt lakara.



Upphafsstafir kafla og annað skraut er að mestu fengið úr
Guðbrandsbiblíu.

Eitt hafði Þorláksbiblía óumdeilanlega fram yfir
Guðbrandsbiblíu; þar er í fyrsta sinn notuð tölumerkt
versaskipting. Hana á Santes eða Xantes Pagnino, á
latínu Xanthus Pagninus, (1470–1541), dóminíkanskur
munkur, að hafa fundið upp. Er hún í fyrsta skipti notuð
í Lyon í Frakklandi, í Nýja testamenti sem þar kom út
árið 1527. Hún var þó í einhverju frábrugðin nútíma kerfi.

Ekki er með öllu ljóst hvert upplag Þorláksbiblíu var,
en ætla má að biskup hafi ekki viljað sýnast eftirbátur
móðurafa síns, Guðbrands Þorlákssonar, í þessu efni, 60
árum á undan. Sumar yngri heimildir nefna þó töluna
1.000.

Um verð fer engum sögum en hefur eflaust verið á
svipuðu róli og á útgáfunum 1584 og 1734.

Þorláksbiblía mun vera fágætust allra íslenskra Biblíu
í dag.



Steinsbiblía

1734

Biblia | Það er öll | Heilög Ritning, | Fyrer Hañs Kongl: Majest: | Vors Allranædugasta ARFA- HERRA | KONVNGS | FRIDERichs FJORDa, | Christelega Vñsorgun, | Med Kostgiæfne, og epter Høfud-Textun- | um, meir eñ fyrrum athugud, so og | med adskilianlegum Paralleller | aukeñ. | – | Þricket a Hoolum i Hialltadal, Anno 1728.

Notaður var sami rammi og í Þorláksbiblíu og í skraut á titilsíðu felld sömu orð og áður.

Steinsbiblíu er skipt í fimm parta — Gamla testamentið að hluta (Mósebækurnar, Jósúa, Dómarabókina og Rut), Samúelsbók og aðrar til og með Orðskviðum Salómons, þá koma Spámannabækurnar, eftir það Apókrýfu ritin og loks Nýja testamentið — og er hver sér um arka- og blaðsíðutal en auka titilblöð eru þrjú.

Prentuð á Hólum í Hjaltadal á árunum 1728–1734. Jón Þorkelsson Skálholtsrektor fullyrðir þó að útgáfuverkið hafi staðið frá 1728–1736, svo vera má — ef ekki er um prentvillu að ræða — að Biblían hafi ekki komið á markað fyrr en tveimur árum eftir prentun, að endanlegur frágangur hafi dregist það lengi.

Kennd við Stein Jónsson (1660–1739) Hólabiskup. Steinsbiblía var í ýmsu frábrugðin Guðbrandsbiblíu og Þorláksbiblíu. Brotið var t.d. minna og bókin þykkari en hinar tvær af þeim sökum, eða 1.630 blaðsíður. Auk þess var hún prentuð tvídálka, ólíkt hinum sem voru að mestu eindálka.


Um nýþýðingu var að ræða, en ekki úr frummálunum, hebresku og grísku. Ekki er kunnugt um samverkamenn biskups að því verki. En Páll Björnsson (1620–1706) hafði um og eftir 1680 snúið ýmsum bókum Gamla testamentisins úr hebresku (a.m.k. Davíðssálmum, Jesaja, Jobsbók og Orðskviðum Salómons), og að auki Nýja testamentinu öllu úr grísku, fyrstur Íslendinga, og Jón Vídalín (1666–1720) lokið við að þýða Nýja testamentið



úr grísku í kringum 1710 og vitað er að Steinn naut góðs af hvoru tveggja, beint eða óbeint.

Steinsbiblía er oftast talin vera fyrirrennurum síðri, öll útgerð hennar lakari. Sumir taka þar djúpt í árinni. Einn heldur því t.a.m. fram, að „málið sé stórkostlega spillt“ frá því sem áður hafi verið, og „óíslenzkulegast og óvandaðast allra prentaðra biblíugerða okkar“. Og annar fullyrðir, að þvílík „kynstur af dönskuslettum“ sé þar að finna, að þeir sem aðeins kunni íslensku ráði ekki fram úr. Og þannig mætti lengi telja. En til eru líka fræðimenn, sem þykir téð gagnrýni um margt ósanngjörn. Ekki má heldur gleyma, að Steinn biskup fær þetta verk í hendur á sjötugsaldri, prentun hefst þegar hann er 68 ára gamall og lýkur þegar hann er 74 ára. Og á þessum árum var búnaður prentsmiðjunnar á Hólum að auki mjög úr sér genginn. Að koma bókinni út var í raun þrekvirki.

Ekki er vitað um upplag. Steinsbiblía þótti dýr, kostaði sjö ríkisdali hvert eintak.



Vajsenhússbiblía

1747

BIBLIA, BIBLIA, | Það er | Øll Heiløg Ritning | Utløgd a Norrænu; | Epter Þeirre Annare Edition Bibliunnar sem finnst | prentud a Hoolum i Islande | Anno MDCXLIV. | Med Formalum og Utskijringum | Doct. MARTINI LUTHERI, | Einnig med | Stuttu Innehallde sierhvers Capitula, | og so | Citatium.

Þesse Biblia kostar O-Innbundinn Einn RijkisDal og Slettann; | Enn Innbundinn med Spennlum, Tvo RijkisDale og Fiora Fiska. | – | Prenntud i KAUPMANNAHØFN, | I því Konunglega Wäysen-Huuse, og med þess Tilkostnade, | af | Gottmann Friderich Kisel, | Anno MDCCXLVII.

Bókinni er skipt í þrjá parta og er hver sér um arka- og blaðsíðutal.

Vajsenhússbiblía er jafnan kennd við prentstað sinn, munaðarleysingjahæli í Kaupmannahöfn, sem árið 1727 hafði fengið einkarétt á útgáfu Biblíunnar í Danaveldi, til að fjármagna reksturinn.

Hún er að mestu leyti Þorláksbiblía endurprentuð. Blaðsíður eru 1.762. Meðal þeirra sem að útgáfunni komu má nefna Björn Markússon (1716–1791), Gísli Snorrason (1719–1780), Jón Vídalín (1726–1767), Jón Þorgilsson (1723–1794) og Jón Þorkelsson (1697–1759).

Upplag var 1.000 eintök.

Á aðaltitilsíðu sumra eintaka er verð tilgreint svo: „Þesse Biblia kostar O-Innbundinn Tvo RijkisDale og Þriu Mørk.“ Í enn öðrum eintökum stendur: „Þesse Biblia kostar O-Innbundinn Tvo RijkisDale.“ Hafði verið lagt upp með þá hugsun að gefa nú alþýðunni kost á að eignast Heilaga ritningu og slíkt markmið gat aðeins náðst ef hún fékkst á lágu verði. Þetta var unnt af því að hún var að miklu leyti kostuð með framlagi sem innheimt var af öllum kirkjum á Íslandi.





Hendersonsbiblía

1813

.....
Biblia, það er Aull heilaug Ritning útlauð á Íslensku
og prentuð Epter þeirri Kaupmannahauðnsku Útgafu
MDCCXLVII at forlagi þess Bretska og útlenda Felags
til útbreiðslu Heilagrar Ritningar meðal allra þjóða.
Kaupmannahauðn, Are epter Burð vors Herra og endur-
lausnara Jesu Christi MDCCCXIII af C. F. Schubart,
prentara þess konongliga Foreldrahusu Barna Huss.
.....

Áður hafði jafnan staðið, þar sem tungumáls var á annað
borð getið á aðal titilsíðu, að útlagt væri á norrænu.

Bókinni er skipt í tvo parta og er hvor sér um arka- og
blaðsíðutal.

Auk formála Lúthers eru hér felldar niður Apókrýfar
bækur Gamla testamentisins fyrsta sinni, vegna kal-
vínkra áhrifa hluta þeirra sem fyrir verkið greiddu.


Þessi biblíuútgáfa er nú á tímum oftast kennd við
skoska trúboðann Ebeneser Henderson. Er hún jafnan
talin sú allra lélegasta, fyrr og síðar, bæði hið ytra sem
innra. Er það síst að undra, því öll aðstaða við gerð
hennar var afar slæm. Nær væri að líta til þess, að út af
fyrir sig er afrek að þetta hafi tekist. Meðal annarra sem
að verkinu komu má nefna Grím Thorkelín (1752–1829).

Prentað var eftir texta Vajsenhússbiblíunnar (1747),
en nú í fyrsta sinn í áttblöðungsbroti, eða svokölluðu
octavo. Blaðsíður eru 1.556 að tölu.

Upplag var 5.000 eintök.

Hendersonsbiblía var ýmist gefin eða seld ódýrt og
því í raun fyrsta útgáfan sem almenningur á Íslandi gat
eignast. Lítið er nú til af öllum þeim eintakafjölda sem
prentaður var og illa á sig komið. Bækurnar voru nánast
lesnar upp til agna.





Viðeyjarbiblía

1841

Biblíu það er: Heilög Ritning. I 5ta sinni útgáfa, á ný yfyrskodud og leiddrétt, að tilhlutun ens íslenska Biblíu-félags. Selst óinnbundin á skrifpappir 7 rd. Silfur-myntar. Videyar Klaustri. Prentud með tilstyrk sama Félags, á kostnad Sekretéra O. M. Stephensen.

Þetta er reyndar ekki fimmta biblíuútgáfa Íslendinga, heldur sú sjötta.

Hún var prentuð í Viðey og er jafnan kennd við þann stað.


Um nýþýðingu var að ræða en ekki að öllu leyti úr frummálunum. Blaðsíður eru 1.464. Þeir sem að verkinu komu voru Árni Helgason (1777–1869), Ásmundur Jónsson (1808–1880), Geir Vídalín (1761–1823), Hallgrímur Scheving (1781–1861), Hannes Stephensen (1799–1856), Helgi Thordersen (1794–1867), Ísleifur Einarsson (1765–1836), Jón Jónsson í Möðrufelli (1759–1846), Jón Jónsson í Steinnesi (1808–1862), Jón Jónsson lektor (1777–1860), Markús Jónsson (1806–1853), Ólafur E. Johnsen (1809–1885), Steingrímur Jónsson (1769–1845), Sveinbjörn Egilsson (1791–1852) og Þorsteinn Hjálmarsen (1794–1871).

Dómur sögunnar er, að þarna hafi margt verið afar fagurlega þýtt. Alþýðlegur blær sveif þó yfir vötnunum, bæði í orðavali og stafsetningu, í anda Fjölnismanna. Eru fræðimenn yfirleitt sammála um, að þrátt fyrir ýmsa galla sé Viðeyjarbiblía „mikil framför frá útgáfunum í Höfn 1747 og 1813“, þótt hún kunni að standa „gömlu íslenzku útgáfunum eitthvað að baki að ytri frágangi“.

Annað nafn hennar er Jedoksbiblía, eftir rangri þýðingu á einum stað í Gamla testamentinu (Fyrri Konungabók 9.24).

Upplag var um 1.400 eintök.





Reykjavíkurbiblía

1859

.....

BIBLÍA, það er öll Heilög ritning, út gefin að tilhlutun hins íslenska biblíufélags. 6. útgáfa.

.....


Hún er reyndar sjöunda í Biblíuröðinni, þrátt fyrir vitnisburð titilsíðunnar, sem er í réttu framhaldi af því sem í Viðeyjarbiblíu hafði staðið.

Reykjavíkurbiblía er að mestu leyti Viðeyjarbiblía endurprentuð. Blaðsíður eru 1.102 talsins.

Upplag var 2.000 eintök.

Óinnbundið kostaði hvert eintak þrjá ríkisdali og 48 skildinga ríkismyntar.





Lundúnabiblía

1866

BIBLÍA ÞAÐ ER HEILÖG RITNÍNG, ENDURSKOÐUÐ
ÚTGÁFA. PRENTUÐ Í PRENTSMÍÐJU SPOTTISWOODES
Í LUNDÚNUM, Á KOSTNAÐ HINS BREZKA OG ERLENDA
BIBLÍUFÉLAGS. 1866.

Hún var prentuð í Lundúnum og er jafnan kennd við þá borg.


Nú var í fyrsta sinn notað latínuletur. Áður hafði gotneskt letur verið allsráðandi. Blaðsíður eru 1.556.

Um þessa 8. biblíuútgáfu Íslendinga spunnust hatrammar deilur milli tveggja manna, er báðir störfuðu á Englandi. Þetta voru Guðbrandur Vigfússon (1827–1889) í Oxford og Eiríkur Magnússon (1833–1913), oftast kenndur við Cambridge á Englandi, þar sem hann starfaði í 38 ár, á bókasafni háskólans og sem fyrirlesari og kennari á sviðum norrænna fræða, en hann tengdist útgáfunni, las m.a. prófarkir og sá um prentunina. Varð úr þessu ævilangur fjandskapur á milli þeirra.

Aðrir sem að Lundúnabiblíu komu voru m.a. Pétur Pétursson (1808–1891) og Sigurður Melsted (1819–1895).

Ekki er vitað um upplag eða verð.





Aldamótabíblían

1912/1914

BIBLÍA ÞAÐ ER HEILÖG RITNING. NÝ ÞÝÐING ÚR FRUMMÁLUNUM. REYKJAVÍK. Á KOSTNAÐ HINS BREZKA OG ERLENDA BIBLÍUFÉLAGS. PRENTSMÍÐJAN GUTENBERG. 1912.


Eins og kemur fram á titilsíðu var þýtt beint úr frummálunum (hebresku og grísku). Blaðsíður eru 1.334 talsins.


Haraldur Níelsson (1868–1928) var aðalþýðandi Gamla testamentisins, en naut aðstoðar Gísla Skúlasonar (1877–1942) að hluta. Þriggja manna nefnd hafði svo umsjón með verkinu: Hallgrímur Sveinsson (1841–1909), Þórhallur Bjarnarson (1855–1916) og Steingrímur Thorsteinsson (1831–1913). Að þýðingu Nýja testamentisins starfaði önnur nefnd, kennarar prestaskólans: Eiríkur Briem (1846–1929), Jón Helgason (1866–1942) og Þórhallur Bjarnarson, áðurnefndur.

Viðtökurnar sem hin nýja þýðing fékk voru afar misjafnar. Sumir gátu ekki leynt hrifningu sinni, t.a.m. Eiríkur Magnússon í Cambridge, sem ritaði m.a., þegar tilraunaútgáfan, 1908, kom út: „Þýðing Gamla testamentisins er hin fegursta og réttasta sem enn getur á Norðurlöndum [...]. Þýðingin er [...] snildarverk; hún er þjóðlegt stórvirki; þjóðgæfu-viðburður á þungri og illri tíð [...]“. Aðrir fundu henni ýmislegt til foráttu. Margir voru þeir sömu og börðust gegn áhrifum hinnar frjálslyndu nýguðfræði, sem þá var að koma fram og Haraldur Níelsson tengdist hvað sterkustum böndum. Eitt af því sem mönnum líkaði illa var Jahve-heitið í Gamla testamentinu.

Þegar Biblían kom út í vasabroti, árið 1914, tók „Drottinn“ sæti þess. Að auki var „ho christos“ í Nýja testamentinu þýtt „Kristur“ en ekki „hinn smurði“, eins og verið hafði.

Þessi útgáfa var endurprentuð margoft á 20. öldinni, síðast 1978, og í gríðarlegu upplagi og verð því misjafnt, eins og gefur að skilja.





Biblían 1981


.....
BIBLÍAN. HEILÖG RITNING. GAMLA TESTAMENTIÐ
OG NÝJA TESTAMENTIÐ. NÝ ÝTGÁFA 1981. REYKJAVÍK.
HIÐ ÍSLENSKA BIBLÍUFÉLAG.
.....


Þetta var í grunninn Biblía 20. aldar að öðru leyti en því,
að hér voru guðspjöllin þýdd að nýju úr grísku. Blaðsíður
eru 1.450.

Að verkinu komu m.a. Ásmundur Guðmundsson
(1888–1960), Björn Magnússon (1904–1997), Guð-
mundur Sveinsson (1921–1997), Jóhann Hannesson
(1910–1976), Jón Sveinbjörnsson (1928), Magnús Már
Lárusson (1917–2006), Sigurbjörn Einarsson (1911–
2008), Þórir Kr. Þórðarson (1924–1995).

Ytri búningur var um margt frábrugðinn því sem áður
tíðkaðist. Síður voru tvídálka (eins og að vísu í Steins-
biblíu 1734 og Lundúnabiblíunni 1866) og millifyrir-
sagnir og tíð greinaskil áttu að gera textann léttari og
aðgengilegri. Þá var tekið upp nýtt tilvísunarkerfi, með
lykilorðum neðanmáls, franskt að uppruna, þar sem
bent var til sambærilegra ritningargreina um alla Biblí-
una. Þá var ákveðið að fella niður „z“ og einnig fallbeyg-
ingar á nafninu „Jesús“. Í viðbæti aftast voru svo nokkrar
orðskýringar og landakort, auk þess sem var að finna
kynningu á ritum Biblíunnar og skrá yfir mikilvæga ritn-
ingarstaði. Og að síðustu má nefna að pappír var hafður
kremlitaður, til að lesendur þreyttust síður í augum.

Biblían 1981 var prentuð margsinnis og í gríðarlegu
upplagi frá útgáfuári og þar til sú nýjasta kom út, 2007,
og verð því misjafnt.





Biblía 21. aldar

2007

BIBLIÁN. HEILÖG RITNING. GAMLA TESTAMENTIÐ
ÁSAMT APÓKRÝFU BÓKUNUM. NÝJA TESTAMENTIÐ.
HIÐ ÍSLENSKA BIBLÍUFÉLAG. JPV ÚTGÁFA.

Um nýþýðingu er að ræða, þá sjöttu frá upphafi, og núna úr frummálunum, eins og í útgáfunni 1912/1914. Blaðsíður eru 1.872.

Þýtt var eftir frummálunum en við yfirferð studdust þýðingarnefndir Gamla og Nýja testamentisins — sem ákvörðuðu að lokum hver textinn skyldi vera — við eldri útgáfur íslenskar, sem og nýjar þýðingar frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð, og svo þýskar Biblíur, breskar og bandarískar. Nefndunum var gert að hafa að leiðarljósi trúmennsku við frumtextann og stíl hans, en jafnframt vandað og aðgengilegt nútímamál. Þá var ákveðið að nota að jafnaði tvítölumyndina við/okkur í sögutextum, beinni frásögn, lagatextum og prósa, en fleirtölumyndina vér/oss í litúrgískum textum, sálum, bænnum og ljóðum. Hvað Nýja testamentið áhrærir er textinn almennt í tvítölu nema ræður Jesú, orð engla og bænir og í bréfunum eru lofsöngvar í fleirtölu.

Að verkinu komu m.a. Árni Bergur Sigurbjörnsson (1941–2005), Einar Sigurbjörnsson (1944), Guðrún Kvaran (1943), Gunnar Kristjánsson (1945), Gunnlaugur A. Jónsson (1952), Jón Rúnar Gunnarsson (1940–2013), Jón Sveinbjörnsson (1928), Sigurður Pálsson (1936), Sigurður Örn Steingrímsson (1931–2002) og Þórir Kr. Þórðarson (1924–1995).

Þetta er 11. biblíuútgáfa okkar, texti prentaður í svörtu og rauðu, auk þess sem í henni er að finna litprentuð kort, orðaskýringar, tímatal, lista yfir mikilvæga ritningarstaði, einn, tvo eða þrjá lesborða og fleira.

Í fyrsta sinn er reynt að koma hér á málfari beggja kynja. Oftast var t.d. fornafninu „þeir“ í Gamla testamentinu breytt í hvorugkyn, ef fullljóst var að um blandaðan hóp var að ræða, annars ekki. Svipað var upp á teningnum með Nýja testamentið, þar má nú víða lesa „systkin“ þar sem áður hefur staðið „bræður“.

Biblían kom út í tveimur stærðum og fimm útgáfum og verð er því misjafnt.



